

Norðurþing
Skipulags- og framkvæmdaráð
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 18. nóvember 2021

Efni: Ósk um framlengingu á stöðuleyfi á köldu geymsluskýli


Í nóvember 2020 var félaginu veitt stöðuleyfi fyrir báta/geymsluskýli vestan við Naustagarð 2 til loka nóvember 2021 ásamt því að félagið óskaði eftir því að við deiliskipulagsbreytingar yrði gert ráð fyrir byggingarreit á sama stað. Nú fer að líða að lokum nóvember og sendir félagið því eftirfarandi beiðni:

Undirritaður óskar eftir að fá áframhaldandi stöðuleyfi fyrir báta/geymsluskýli vestan við Naustagarðs 2, Húsavík. Um er að ræða 40 feta gám 9,4 metrum (úthlið gámsins) frá vestur hlið hússins eða 4 metrum frá lóðarmörkum Naustagarðs 2 og 4. Frá innri hlið gáms að Naustagarði 2 eru 6,9 m. Þakhæð við Naustagarð 2 er um 3,6 m og við vesturhlið gáms 2,6m. Lengd skýlisins er 12m og heildarbreidd skýlisins 9,4 metrar. Samtals 112,8 fermetrar. Skýlið er þannig að stálbitar með bárujárnsklæðningu eru á milli gáms og Naustagarðar 2. Norður og suðurhlið eru lokaðar með bárujárni og gleri á milli gáms og Naustagarðar 2. Um kaldgeymslu án fastra lagna (hita, vatns, rafmagns) er að ræða. Sjá myndir útliti, staðsetningu og útfærslu hér fyrir neðan. Einnig liggur fyrir að skýlið verður málað í sama lit og húsið.

Notkun rýmisins verður þannig að í því verða engin spilliefni, eða hættuleg efni sem hafa sjálfkveikingarhættu. Einnig er skýlið þannig byggt að það loftar vel í gegnum það. Komið verður fyrir merkingum þess efnis í og við skýlið. Tryggt verður að alltaf séu til staðar útgönguleiðir úr rýminu að sunnan og norðanverðu.

Í tengslum við þessa ósk vill félagið koma því á framfæri að innan árs muni það skila inn viðeigandi teikningum af húsnæðinu og óska eftir því að geymsluskýlið fái formlegt byggingarleyfi, þar sem að núna hefur verið komið inn á skipulag byggingarreitur þar sem það stendur núna. (ath. að núverandi byggingarreitur hefur verið ranglega teiknaður inná skipulagið mv. það sem upphaflega var óskað eftir. Byggingarreitur hefði með rétt átt að vera meira til suðurs, hann er því lengra frá lóðarmörkum í norðri og vel innan lóðamarka í suðri og hefur engin áhrif á önnur lóðamörk) Sjá staðsetningu á mynd.





Fyrir hönd Vör Húsavík ehf,

Stefán Jón Sigurgeirsson
Framkvæmdastjóri Vör Húsavík ehf.